

fasteign stefnanda, sé ekki úr því skorið, hvern rétt stefndi geti á henni reist.

Stefnandi hefur mótmælt frávisunarkröfunni, en eigi krafizt málskostnaðar í þessum hluta málsins sérstaklega.

Mál þetta er, sem fyrr var sagt, höfðað til greiðslu þóknunar úr hendi stefnda fyrir not hennar af lóð stefnanda. Verður eigi séð, að úrlausn slíks máls sé sérstaklega falin merkjadómi samkvæmt lögum nr. 35 frá 1914, sbr. lög nr. 35 frá 1923. Stefndi virðist og leita kröfu sinni stuðnings í málsástæðum, sem beinast að efnishlið málsins, og þykir því eigi unnt að taka afstöðu til réttmætis þeirra á þessu stigi málsins. Krafa stefnda um frávisun málsins verður því eigi til greina tekin. Með vísun til framanritaðs eru eigi efni til að taka ákvörðun um málskostnað.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Framangreind frávisunarkrafa verður eigi til greina tekin.

Föstudaginn 20. desember 1946.

Kærumálið nr. 20/1946. Karl Þorfinnsson

gegn

Hermanni Guðjónssyni og Magnúsi V. Jóhannessyni

Setudómari próf. Ísleifur Árnason
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Um vitnishæfi.

Dómur hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur með bréfi 30. nóvember þ. á. kært til hæstaréttar úrskurð borgardómarans í Reykjavík, upp kveðinn 27. s. m., þar sem vitninu Magnúsi V. Jóhannessyni er heimilað að staðfesta með eiði eða drengskaparheiti framburð sinn í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Barst hæstarétti kæran 14. þ. m.

Sóknaraðili hefur sent hæstarétti greinargerð, þar sem hann krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og að synjað verði um staðfestingu framburðar nefnds vitnis. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi varnaraðilja fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Varnaraðili Hermann Guðjónsson hefur sent hæstarétti greinargerð, þar sem hann krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðilja Hermann Guðjónssyni 200 krónur í kærumálskostnað í hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Karl Þorfinnsson, greiði varnaraðilja Hermann Guðjónssyni 200 krónur í kærumálskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 27. nóvember 1946.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 20. þ. m., hefur Karl Þorfinnsson, Nýlendugötu 22 hér í bænum, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 9. sept. s. l., gegn Hermann Guðjónssyni, Nýja Stúdentagarðinum hér í bæ, og krafizt þess, að síðargreind húsnæðisuppsögn verði metin ógild. Jafnframt hefur hann í framhaldssök í málinu, höfðaðri með stefnu, útgefinni 1. október s. l., krafizt þess, að felldur verði úr gildi úrskurður húsaleigunefndar Reykjavíkur, upp kveðinn 23. september s. l., í ágreiningsmáli út af leiguhúsnæði milli aðilja máls þessa. Enn fremur krefst stefnandi málskostnaðar í frumsök og framhaldssök.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar. Jafnframt hefur hann með stefnu, útgefinni 9. f. m., höfðað gagnsök í málinu og krafizt þess, aðallega að áðurnefnd húsnæðisuppsögn verði metin gild að öllu leyti og til vara, að áðurgreindur úrskurður húsaleigunefndar verði staðfestur og gagnstefndi verði skyldaður til að rýma húsnæði það, er úrskurðurinn greinir. Enn fremur krefst hann málskostnaðar í gagnsök að mati dómarans.

Aðalstefnandi hefur krafizt sýknu í gagnsök og málskostnaðar að skaðlausu.

Tildrög málsins eru þau, sem hér segir:

Aðalstefndi fluttist hingað til bæjarins síðast liðið vor og starfar hér sem skrifstofumaður í endurskoðunardeild fjármálaráðuneytis-

ins. Hinn 3. maí s. l. fékk aðalstefndi leyfi húsaleigunefndar Reykjavíkur til að kaupa hér íbúðarhúsnæði og segja upp leigu á því til að taka það til eigin afnota. Samkvæmt afsali, dags. 4. maí s. l., keypti aðalstefndi íbúð, 3 herbergi og eldhús m. m., í húsinu nr. 22 við Nýlendugötu hér í bænum. Seljandi var Magnús V. Jóhannesson yfirframfærslufulltrúi. Hið selda húsnæði er hluti af íbúð þeirri, sem aðalstefnandi býr í. Með bréfi, 12. maí s. l., sagði aðalstefndi aðalstefnanda upp þeim hluta af íbúð hans, sem aðalstefndi hafði keypt. Uppsögnin var miðuð við 1. okt. s. l. Með bréfi, dags. 9. júní s. l., tilkynnti umboðsmaður aðalstefnanda aðalstefnda, að hann neitaði að taka uppsögnina til greina. Var gildi uppsagnarinnar síðan borið undir húsaleigunefnd, sem með úrskurði sínum, dags. 23. sept. s. l., mat uppsögnina gilda að hluta og gerði aðalstefnanda að rýma 2 herbergi íbúðar sinnar ásamt eldhúsi og geymsluherbergi að hálfu. Aðalstefnandi hefur ekki viljað viðurkenna gildi uppsagnar þessarar né setta sig við úrskurð húsaleigunefndar varðandi hana og hefur því höfðað mál þetta.

Aðalstefnandi byggir kröfur sínar hér fyrir dómi meðal annars á því, að afsal aðalstefnda frá 4. maí s. l. sé málamyndargerningur. Einnig hefur hann gefið í skyn, að seljandinn, Magnús V. Jóhannesson, muni hafa lofzt til að greiða aðalstefnda skaðabætur, ef ekki yrði unnt að losa hina seldu íbúð til afnota fyrir hann 1. okt. s. l.

Hinn 20. þ. m. kom framangreindur Magnús V. Jóhannesson hér fyrir dóm sem vitni í málinu Bar hann vætti um ýmis atriði, er vörðuðu söluna á hinni umdeildu íbúð. Var framburði hans mótmælt af hálfu aðalstefnanda sem röngum, vilhöllum og óstaðfestum. Krafðist umboðsmaður aðalstefnda þess þá, að vitnið ynni eið að framburði sínum, en umboðsmaður aðalstefnanda mótmælti, að vitninu yrði heimiluð eiðvinning. Studdi hann mótmæli sin með þeirri staðhæfingu, „að vitnið bæri hér í eigin sök“. Mótmælti umboðsmaður aðalstefnda staðhæfingu þessari, og lögðu aðiljar atriðið í úrskurð.

Vitnið Magnús V. Jóhannesson hefur borið hér fyrir dómi, að afsalsgerningurinn frá 4. maí s. l. sé ekki bundinn neinum skilyrðum, sem ekki séu skráð í honum, og að engir baksamningar séu milli sin og aðalstefnda varðandi margnefnd íbúðarkaup. Vitnið hefur einnig mótmælt því, að það sé samkvæmt samningi skaðabótaskyldt gagnvart aðalstefnda, þótt honum takist ekki nú að fá íbúðina lausa til eigin afnota. Aðalstefndi hefur einnig gefið yfirlýsingar hér fyrir dómi um framangreind atriði, og eru þær í samræmi við framburð vitnisins.

Gegn þessum staðhæfingum vitnisins og aðalstefnda verður ekki talið, að aðalstefnandi hafi leitt líkur að því, að vitnið hafi þeirra hagsmuna að gæta í sambandi við úrslit máls þessa, sem geri það varhugavert að heimila því að staðfest framburð sinn í málinu

með eiði. Ber því að heimila vitninu að vinna eið eða drengskaparheit að framangreindum framburði sínum.

Unnsteinn Beck, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Vitninu Magnúsi V. Jóhannessyni er heimilt að vinna eið eða drengskaparheit að framburði sínum hér fyrir dómi 20. þessa mánaðar.